

Aðalfundur foreldrafélags Flúðaskóla 2021

haldinn í matsal skólans þ. 26. október kl. 18:30.

Mættir: Margrét Sævarsdóttir formaður
Silke Leyk gjaldkeri
Unnur Lísar ritari

Silke er fundarstjóri og Unnur ritar fundargerð

1. Skýrsla stjórnar

Margrét formaður félagsins flytur ársskýrsluna. Skýrslan nær frá febrúar sl. þegar aðalfundur fráfarandi stjórnar var haldinn á Zoom

2. Fjárhagsreikningur

Silke Leik gjaldkeri gerir grein fyrir uppgjöri ársreiknings. Staðan nú er 255.229 kr. Fundurinn samþykkir rekstrarreikninginn.

3. Kosning stjórnar

Margrét og Silke gefa kost á sér áfram. Fundurinn samþykkir þá tillögu. Unnur Lísar Schram segir stöðu sinni lausri og býður Eva Dís Ólafsdóttir sig fram í ritarastöðuna í hennar stað. Ekki hafa verið varamenn sl. árið en Vilberg Tryggvason og Linda Björk Friðgeirsdóttir gefa kost á sér og samþykkir fundurinn öll framboð. Steinunn Lilja Heiðarsdóttir bauð sig fram sem fulltrúi foreldraráð til setu í skólaráði. Er það einnig samþykkt. Fullskipað er þá í allar stöður.

4. Önnur mál

- Foreldrafélagið sér ekki lengur um að sinna gæslu í félagsmiðstöðinni Zero og því er óskað eftir hugmyndum um aðrar leiðir til fjáröflunar. Sú hugmynd kom fram að halda Pálínuboð í lok árshátíðar 1.-7. bekkis. Og þá mögulega einnig í lok árshátíðar unglíngastígs. Hver fjölskylda kæmi þá með lítilræði á veisluborð og gestir gætt sér á veitingum eftir sýningu nemenda. Hugmynd að aðgangseyri (f. veitingarnar) gæti verið 1000 kr. á mann.
- Í tengslum við fjáröflun hafði Þórarinn, forstöðumaður Zero samband og óskaði eftir tveim foreldrum til að sinna gæslu 16. des. Póstur hefur verið sendur á foreldra barna í 7.-10. bekkjar.
- 30.11. nk. kemur Hildur Pálsdóttir með Forvörn gegn fíkniefnum f. 7.-10.b. Fresta þurfti henni sl. vetur v. faraldursins. Einnig verður fræðsla f. foreldra og er

Það von stjórnar að foreldrar mæti til fræðslunnar þar sem blikur eru á lofti meðal unglínganna.

- Umræður um afþreyingu f. yngri nemendur. Haft hefur verið samband við foreldrafélag Undralands með mögulegt samstarf v. sýningar/skemmtunar. Einnig hefur verið rætt við foreldrafélag Þjórarskóla um möguleikann á að bjóða fleiri börnum með á sýninguna.

Fundi slitið kl. 19:20